



Villt blóm í ríki Vatnajökuls

Wild flowers in the south-east part of Vatnajökull area

A study module

Heisluleikskólinn Krakkakot, Hornafirði



Innovatively investing
in Europe's Northern
Periphery for a sustainable
and prosperous future



The five year olds and the flower project in Krakkakot – playschool

A part of the NEED project 2009-2010

Abstract:

We chose to work with wild flowers and decided to let a group of the oldest children in the playschool work with us, but they are five years old. There were only 5 children in this group which is a very convenient size in a project like this.

Our main goals were:

- to show the children the flowers that grow in the playschool's vicinity
- to interest children in wild flowers that very often are nothing but weed in our eyes
- that the children would learn to identify some flowers from pictures in flower books
- that the children would know the looks and names of more flowers at the end of the project than before
- that the children gain more respect for nature and all that lives in it

The plan:

- the summer of 2009 will be used to collect flowers, press and dry them for later use
- make a small handbook with pictures of the that grow in the playschools neighbourhood – the book will be a support in the team work
- each child will make their own flower book from recycled paper and collect their project and put inside
- we will go for a walk in the nature whenever the weather and/or the opportunity is right
- in the spring 2010 there will be a "flower-trip" to Haukafell

This study module is a part of the NEED project (Northern Environmental Education Development program) which has 5 themes. The themes are: **elements of geology, landscape, natural hazards, geological materials in society and their sustainable use and climate change.**

Our study module can be categorized in the second: Landscape

- -Geological base of landscape
- -Changes in the landscape
- -**Flora** and fauna
- -Human influence on the landscape; settlement, use of land and infrastructure

Blómaverkefni elstu barnanna í Heilsuleikskólanum Krakkakoti.
Verkefni unnið í samvinnu við NEED veturinn 2009-2010.

Úrdráttur verkefnis:

Við völdum að vinna með blómin í verkefninu og ákveðið var að vinna það með elstu börnunum, en þau eru fimm ára gömul. Í hópnum voru aðeins 5 börn sem er þægileg stærð í svona verkefni.

Helsu markmiðin okkar voru:

- að kynna fyrir börnunum blóm sem vaxa í nágrenni leikskólans
- að kveikja áhuga barnanna á blómum okkar sem oft eru ekki annað en illgresi í augum fólks
- að börnin geti þekkt nokkur blóm út frá myndum í blómabókum
- að börnin þekki útlit og nöfn á fleiri blómum í lok verkefnis en í upphafi
- að börnin öðlist virðingu fyrir náttúrunni og öllu því sem þar lifir

Áætlun:

- sumarið 2009 verður notað til að safna blómum og þurrka þau til seinni tíma
- útbúa litla blómabók með útprentuðum myndum af þeim blómum sem eru hér í nágrenni nu – bókin verði notuð sem stuðningur í hópavinnu
- öll börnin búi sér til sína blómabók úr endurunnum pappír og safna þar verkefnum sínum
- farið verði í náttúruskoðunaferðir þegar veður og tækifæri gefast
- vorið 2010 verði farið í Haukafell í blómaferð

Verkefnið er hluti af NEED-verkefninu (Northern Environmental Education Development program) sem skipt er í 5 þemu. Þemur eru: **jarðfræði, landslag, náttúruvá, jarðfræðilegir þættir í samfélaginu og sjálfbær nýting og loftslagáhrif.**

Okkar verkefni féll að þema 2: Landslag

- - Jarðfræðilegur grunnur landslags
- - Breytingar á landslagi, t.d. af völdum áa, jökla, sjávar og veðrunar
- - **Plöntur** og dýralíf
- - Áhrif á landslagið af mannavöldum; landnámi, landnotkun og byggingar

Verkefnið - tengsl við námsskrá:

Heilsuleikskólinn Krakkakot er 2 deilda leikskóli með börnum á aldrinum 1-6 ára. Barnafjöldinn í vetur var 52 börn. Frá opnun 2001 hefur mikil áhersla verið lögð á umhverfið, náttúrvemd og heilsu okkar allra. Í Aðalnámskrá leikskóla eru áhersluþættir í leikskólauppeldi flokkaðir í 6 námssvið. Þau eru hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, **náttúra og umhverfi**,



Fyrsta blómaferðin- Krakkakot í baksýn (rauð bygging).

menning og samfélag. (Aðalnámskrá leikskóla 1999 bls.19). Í leikskóla ber að fræða börn um náttúruna, umhverfið og vemdun þess. Þetta má gera með því að ræða um dýr, **plöntur**, árstíðir, veðurfar, ræktun, umgengni við náttúruna og fleira. (Aðalnámskrá leikskóla 1999 bls.26). Þetta er að sjálfsgöðu einn af áhersluþáttum í námskrá okkar eins og sjá má í henni á bls.17. Blómin féllu því vel að þessu verkefni og eru auk þess mjög þægileg sem svo na auka verkefni þar sem ekki fer mi kið fyrir þeim.

Markmið:

Eins og áður segi var aðal markmiðið að kynna blóm fyrir börnunum og vonuðust kennarar til að geta bætt í þekkingarbanka barnanna. Einnig er mikil vægt að börn læri að umgangast náttúruna af virðingu og að þau kunni að meta þá fegurð sem fyrir augu ber hvern einasta dag. Blóm tengjast jarðfræðinni þannig að þau vaxa í jarðveginum og mismunandi blóm/plöntur vaxa í mismunandi jarðvegi. Bús væði plantna á Íslandi eru víða og eru flokkuð niður í nokkur svæði. Þau eru: Valllendi, fjara, votlendi, kjarr og skóglendi, holt/móar, melar/sandar og að lokum til fjalls

Þau blóm sem við vinnum með og ætlum að kynnast aðeins betur eiga flest öll bús væði á valllendi en nokkur í votlendi eða skóglendi.

Allir þekja grundir, þurra bala, brekkur og ræktuð tún, sem er að finna hvarvetna um land allt. Á þessum stöðum eru grastegundir mest áberandi og setja sterkan svip á landið. Sameiginlegt nafn um þennan gróður er valllendi. (<http://www1.nams.is/flora/busvaedi.php?id=1>)

Tímalengd:

Sumarið 2009 var notað til að tina blóm og setja þau í pressu. Þau voru svo láttin þoma fram í september þegar þau fyrstu voru tekin fyrir. Allan veturinn var verið að vinna með þessi blóm sem við völdum að vinna með og fræðast um. Tímalok voru júlí 2010.

Verkefnalok:

Í júní var farið með hópinn í ferð inn í Haukafell. Þar var farið í blómaleiki alls konar. Þau áttu t.d. að finna blóm sem voru á spjöldum og voru þau duglega að hjálpa stað. Bömin söfnuðu líka blómum og tóku sýnishom af hverju þeirra með sér til baka. Alls fundu bömin 28 tegundi rsem voru flokkaðar eftir litum og skoðaðar seinna í leikskólanum.

Í júlí var farið í heimsókn til Guðrúnar Hálfdanardóttur á síðustu dögum fyrir sumarfrí leikskólans. Guðrún er fædd 1928 og er mikið náttúrubarn og þekkir vel til gamalla hefða og siða frá því hún var ungstúlka í sveitinni. Hún kann að líta band með jurtum og einnig á hún olíulampa frá föður sínum sem í var notaður fífu-kveikur. Vegna þess að fífan er í blóma í júlí þá gat hún sýnt börnunum hveig kveikurinn var búinn til og hvernig hann virkaði sem ljósgjafi með olíunni. Á eftir fóru bömin út í garðinn hennar sem er mikill blómagarður bæði umhverfis- og barnvænn.

Hluti af hópnum í Haukafelli.



Eftir ferðina voru allar myndir, lista verk, sögur og ljóð frá vetrinum sett í bók. Forsíða og baksíða var búin til úr endurunnum pappír og gerðu bömin sjálf sín eintök og skreyttu. Allt efnið var svo bundið inn og þau fengu að fara heim hvert með sína bók.



Mat:

Að verkefninu loknu var gaman að líta yfir árangurinn. Margt hefði mátt gera öðruvísi en við vorum sátt með annað.

Það var gaman þegar börnin uppgötvuðu hvað hægt var að gera með blómum eins og t.d. að mála með fíflinum og í framhaldi af því vildu þau prófa að mála með öðrum blómum líka. Þá sköpuðu þau hin fínustu lista verk. Einn daginn fóru þessi börn gangandi á bókasafnið og þá var greinilegt að þau þekktu orðið þó nokkur blóm og voru stolt þegar þau þekktu þau blóm sem var verið að vinna með. Svipurinn sagði allt 😊. Eins spurðu þau mikið um önnur blóm sem voru við göngustíginn þannig að áhuginn var til staðar.

Það hefði verið gaman að blanda tónlist og hreyfingu meira inn í verkefnið því við vitum að til eru tónverk sem tengjast bómum og þ.h.

Verkefnið tók meiri tíma en við gerðum okkur grein fyrir og það var þó nokkur viðbót við allt það starf sem fyrir er hjá bömunum. Þetta blessaðist þó allt þar sem sami kenningarinn sá um verkefnið allan tímann.




blómaspjöld



að þekkja blóm



að þurrka blóm



ljóða-og sögugerð, gamlar sögur og ljóð um blóm



að smakka á blómum



blómakrans



va tnsli t ir, va xli t ir



mála ð me ð el ftingu



vettvangsferðir



gamli tíminn

Sögur sem voru lesnar:

Fífill og hunangs fluga *eftir Jónas Hallgrímsson*

Leggur og skel *þýð. Jónas Hallgrímsson*

Hve mig fíflarnir urðu til

http://sol.heimisnet.is/!GSS_Ymislegt8_2006/Soguhomid.htm#Hvernig%20fífla%20mir%20urðu%20til

Tónlist sem var spiluð:

Blómálfadansinn – *Hnotubrjóturinn eftir Tchaikovsky*